

Nd.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum stofnlánnum, og leggur rikissjóður fram til hans árlega 600 þúsund krónur.

2. gr.

1. málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en felur Iðnaðarbanka Íslands h/f stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Er iðnlánasjóður sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Lánin veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og til að koma upp nauðsynlegum húsum fyrir rekstur sinn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum eða fasteignum eða á annan hátt, sem sjóðsstjórnin telur tryggan.

5. gr.

Fyrir orðið „atvinnumálaráðherra“ í 9. gr. laganna komi: iðnaðarmálaráðherra.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Í stað síðari málslíðar 13. gr. laganna komi:

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að fasteign, sem sett er að veði fyrir láni úr sjóðnum, sé jafnan vel við haldið. Ef veði er ekki haldið vel við, svo að hætta getur verið á, að það verði ekki næg trygging fyrir láni úr sjóðnum, getur sjóðsstjórnin sagt því upp fyrirvaralaust.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu tveimur þingum hefur fyrri flutningsmaður þessa frumvarps, ásamt Jónasi Rafnar, þáverandi þingmanni Akureyrarkaupstaðar, flutt samhljóða frumvarp. Frumvarpið hlaut í hvorugt skiptið endanlega afgreiðslu á Alþingi, en þó hefur fengizt nokkur viðurkenning á þeirri miklu nauðsyn, sem hér er um að ræða, á þann hátt, að framlag rikissjóðs til iðnlánasjóðs hefur verið hækkað um 150 þús. kr. tvö síðustu árin. Þar sem þessi viðbótarfjárveiting er háð samþykki Alþingis hverju sinni og fjárveitingin auk þess enn þá ófullnægjandi, þá er frumvarpið nú endurflutt í trausti þess, að málefni iðnaðarins njóti þess skilnings á Alþingi, að frumvarpið fáist samþykkt á þessu þingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að árlegt framlag rikissjóðs til iðnlánasjóðs lækki um 300 þús. kr. frá því, sem nú er ákveðið í lögum frá 1946. Einnig er lagt til, að lögunum um iðnlánasjóð verði þannig breytt, að sjóðurinn veiti framvegis eingöngu stofnlán til nýrra og eldri iðju- og iðnfyrirtækja í landinu, þ. e. a. s. til kaupa á vélum, stærri áhöldum og til þess að koma upp nauðsynlegum húsa-kosti. Þá er tekin upp í frumvarpið sú tilhögun varðandi stjórn og starfrækslu sjóðsins, sem ákveðin er í IV. kafla laga nr. 113 frá 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Í frumvarpinu eru og felld niður ákvæði 12. gr. laganna um iðnlánasjóð, en eftir þeim mun ekki hafa verið farið við lánveitingar úr sjóðnum.

Frá því að iðnlánasjóður tók fyrst til starfa, skv. lögum frá 1935, hefur sjóðurinn verið svo til eina lánsstofnun í landinu, sem veitt hefur iðju og iðnaði samningsbundin lán til langs tíma og með hagstæðum vaxtakjörum. Hefur starfsemi sjóðsins því komið mörgum að góðum notum, svo langt sem hún hefur náð. Frá byrjun hefur starfsfé sjóðsins verið allt of lítið, enda þarfir iðnaðarins fyrir aukið lánsfé vaxið með ári hverju.

Þróun iðnaðarins hefur verið sérstaklega ör undanfarin ár, og er iðnaðurinn nú mikilsverður þáttur í atvinnulífi landsmanna, þriðji höfuðatvinnuvegurinn við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs. Með því að auka fjárráð iðnlánasjóðs eru iðju og iðnaði veittir auknir möguleikar til nauðsynlegrar fjárfestingar.

Eðlilegt virðist vera að binda starfsemi iðnlánasjóðs við fjárfestingarlán (stofnlán), þar sem það á fyrst og fremst að vera í verkahring Iðnaðarbankans og annarra bankastofnana að veita iðnaðinum nauðsynleg rekstrarlán.